

**71. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
föstudaginn 7. nóvember 2025, kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Axel Sæland, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Virkjun borholu á Laugarvatni - 2503035

Sviðsstjóri og veitustjóri fara yfir stöðu mála.

Verðkönnun verður sett af stað vegna verkefnisins. Beðið er tilboðs í dælu.

2. Virkjun borholu í Reykholti RH 07 - 2501063

Sviðsstjóri og veitustjóri fara yfir stöðu framkvæmda

Lokið hefur verið við að steypa sökkla undir dæluhús. Plata verður steipt þegar veður leyfir. Komið hefur verið á bráðabirgðatengingu þannig að unnt verður að dæla um 12 sekl úr holunni. Hús fyrir dælustöð er væntanlegt í mánuðinum.

3. Nýtingarleyfi fyrir borholu RH-07 - 2502031

Skýrsla ÍSOR um mat á áhrifum nýtingar jarðhita í Reykholti.

Mat á áhrifum jarðhitanytingar í Reykholti á vatnshlot var lagt fram. Matsskyldufyrirspurn er til meðferðar hjá Skipulagsstofnun.

4. Söfnunartankur fyrir kalt vatn við Laugarvatn - 2509017

Kaldavatnsveita Laugarvatni

Rennslismælingar hafa staðið yfir. Tilboð liggja fyrir í tanka. Lögn frá tönkunum er nægilega sver til að bera ukið vatnsmagn. Gert verður ráð fyrir kostnaði við kaup á tönkum, uppsetningu og tengingu í fjárhagsáætlun næsta árs.

5. Hitaveita að Sólveigarstöðum - 2511023

Erindi varðandi heitavatnsnotkun á Sólveigarstöðum.

Erindið var lagt fram. Ósk um frávík frá gjaldskrá er hafnað.

6. Hreinsistöð fráveitu Reykholti - 2103034

Áhrifamat vegna hreinsistöðvar í Reykholti

Lagt var fram áhrifamat Eflu verkfræðistofu á vatnshlot vegna hreinsistöðvar fráveitu í Reykholti.

177
AS
HK

7. Útboð sundlaugar í Reykholti - 2505017

3. verkfundur haldinn 23.10.2025

Fundargerð verkfundar var lögð fram.

8. Traustatún, 2. áfangi - 2511022

Byggingarhæfi lóða við Traustatún (lóðir nr. 11, 13, 18 til 20, 22 og 24)

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að lóðir nr. 11, 13, 18 til 20, 22 og 24 verði auglýstar lausar til úthlutunar með fyrirvara um lok gatnagerðar og lagningar veitulagna.

Jafnframt verði farið í hönnunarvinnu vegna Herutúns.

9. Skurðir meðfram vegum í Laugarási - 2403045

Undirbúningur framkvæmda við að loka skurðum í Laugarási

Fjárveiting þessa árs verður nýtt til að byrja á framkvæmdum við gatnamót Höfðavegar/Ferjuvegur og Skógargötu.

10. Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Suðurlands - 2508002

Eftirlitsskýrsla vegna Aratungu

Skýrslan var lögð fram.

11. Fjárhagsáætlun 2026 og 2027-2029 - 2510002

Yfirferð yfir drög að fjárfestingaáætlun

Farið var yfir fyrstu drög að fjárhagsáætlun.

12. Samkomulag um lagningu ljósleiðara í Laugarás - 2412007

Lok verkefnið Mílu, lagning ljósleiðara í Laugarás. Yfirlit yfir tengd staðföng.

Míla hefur tengt alls 65 staðföng á grundvelli samkomulags sem gert var við sveitarfélagið í lok sl. árs.

13. Lóðarumsókn Herutún 1, Laugarvatni - 2510039

Lóðarumsókn Herutún 1, vísað til framkvæmda- og veitunefndar af sveitarstjórn á 397. fundi.

Sjá afgreiðslu undir 8. lið, þar sem lagt er til við sveitarstjórn að farið verði í hönnunarvinnu vegna gatnagerðar við Herutún.

Fundi slitið kl. 09:45.

178
H1K


Stefanía Hákonardóttir


Helgi Kjartansson


Axel Sæland


Ásta Stefánsdóttir


Benedikt Skúlason


Kristófer Arnfjörð Tómasson